

REGLUGERÐ

um iðnfræðslu.

A. IÐNNÁM

I. KAFLI

Iðngreinar

1. gr.

Iðnfræðslu til sveinspróf skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru.

2. gr.

Löggiltar iðngreinar eru þessar:

bakaraíðn	leirkerasmíði
beykisiðn	leturgröftur
bifreiðasmíði	ljósmyndun:
bifvélavirkjun	almenn ljósmyndun
bílamálun	persónu ljósmyndun
blikksmíði	matreiðsla
bókband	málaraiðn
feldskeraiðn	mjólkuriðn
flugvélavirkjun	mótasmíði
framreiðsluiðn	múrun
gaslagning	myndskurður
glerslípun og speglagerð	netagerð
gull- og silfursmíði	offsetiðn:
hattasaumur	offsetljósmyndun
hárgreiðsluiðn	offsetskreyting
hárskera- og rakaraíðn	offsetprentun
hljóðfærasmíði	pípulögn
húsasmíði	prentiðn:
húsgagnabólstrun	setning
húsgagnasmíði	prentun
járniðnaður:	prentmyndaiðn:
eirsmíði	prentmyndaljósmyndun
járnsmíði	prentmyndasmíði
ketil- og plötusmíði	rafmagnsiðn:
málmsteypa	rafvirkjun
rennismíði	rafvélavirkjun
vélvirkjun	reiða- og seglasaumur
kjólasaumur	reiðtygia- og aktygjasmiði
kjötiðn	skrifvélavirkjun
klæðskurður:	skipa- og bátasmíði
karla	skósmíðaiðn:
kvenna	skóviðgerð

kökugerð
skróðgarðyrkja
steinsmíði
sútaraiðn
tágariðn
tannsmíði

skósmíði
úrsmíði
útvarpsvirkjun
vagnasmíði
veggfóðrun

3. gr.

Nú kemur til álita, að starfsgrein, sem ekki er gert ráð fyrir í 2. gr. reglugerðar þessarar, geti fallið undir iðnað, og skulu þá hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda, senda ráðuneytinu erindi um, að starfsgreinin verði viðurkennd sem iðngrein og leggja jafnframt fyrir það tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma, kunnáttu og prófkröfur.

Ráðuneytið leitar umsagnar Iðnfræðsluráðs um erindið.

Fallist ráðuneytið á að gera starfsgreinina að iðngrein, breytir það reglugerð þessari í samræmi við það og setur, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, reglur um veitingu starfsréttinda í hinni nýju iðngrein. Þangað til verði fylgt almennum ákvæðum reglugerðar þessarar.

Samsvarandi vinnubrögð skal viðhafa, þegar eldri iðngreinum er skipt eða þær eru sameinaðar, svo og þegar sérgreinar eru stofnaðar.

4. gr.

Iðnfræðsluráð skipar fræðslunefndir fyrir hverja iðngrein. Fræðslunefndum ber að gera tillögur um bóknám og verknám fyrir viðkomandi iðngrein.

Ráðið leggur til sérfræðiþjónustu fyrir fræðslunefndirnar og ákveður í samráði við fræðslunefndir form og innihaldspætti í námsáætlun, þar með skilgreiningu á verklegu námi, bóklegu námi, námseiningagildi, námstíma fyrir einstaka þætti, skólaaðstöðu, tækjapörf, kennsluleiðbeiningar, prófverkefni og annað er máli skiptir.

II. KAFLI

Námstími.

5. gr.

Bókaiðnaður (grafísk fög).

Iðngreinar:	Námstími:
Bókbandsiðn	4 ár
Ljósmyndaiðn:	
almenn ljósmyndun	4 —
persónu ljósmyndun	4 —
Offsetiðn:	
offsetljósmyndun	4 —
offsetprentun	4 —
offsetskreyting og plötugerð	4 —
Prentiðn:	
prentun	4 —
setning	4 —
Prentmyndaiðn:	
prentmyndaljósmyndun	4 —
prentmyndasmíði	4 —

Byggingariðnaður.

Iðngreinar:	Námstími:
Húsasmíði	4 ár
Málaraiðn	4 —
Múraraíðn	4 —
Pípulagnir	4 —
Skrúðgarðyrkja	3 —
Steinsmíði	4 —
Veggfóðrun	4 —

Fata-, skinn- og leðuriðnaður.

Feldskeraíðn	4 ár
Hattasaumur	3 —
Kjólasaumur	3 —
Klæðskurður karla	4 —
Klæðskurður kvenna	3 —
Netagerð	3 —
Reiða- og seglasaumur	3 —
Reiðtygja- og aktygjasmiði	4 —
Skósmíðaiðn:	
skóviðgerð	3 —
skósmíði	3 —
Sútaraiðn	4 —

Matvælaiðnaður.

Bakaraíðn	4 ár
Kjötiðn	4 —
Kökugerð	4 —
Matreiðsla	4 —
Mjólkuriðn	4 —

Málmiðnaður.

Bifreiðasmiði	4 ár
Bifvélavirkjun	4 —
Bílamálun	4 —
Blikksmiði	4 —
Eirsmíði	4 —
Flugvélavirkjun	5 —
Gaslagning	4 —
Gull- og silfursmíði	4 —
Járnsmiði	4 —
Ketil- og plötusmiði	4 —
Leturgröftur	4 —
Málmsteypa	4 —
Mótasmiði	4 —
Rennismíði	4 —
Skipa- og bátasmiði	4 —
Vélvirkjun	4 —
Úrsmíði	4 —

Rafmagnsiðnaður.

Iðngreinar:	Námstími:
Rafmagnsiðn:	
rafvélavirkjun	4 ár
rafvirkjun	4 —
Skriftvélavirkjun	4 —
Útvarpsvirkjun	4 —

Tréiðnaður.

Beykisiðn	4 ár
Hljóðfærasmiði	4 —
Húsasmiði	4 —
Húsgagnabólstrun	4 —
Húsgagnasmiði	4 —
Myndskurður	4 —
Vagnasmiði	4 —

Þjónustuiðnaður.

Framreiðsluiðn	3 ár
Hárgreiðsluiðn	3 —
Hárskera- og rakaraíðn	4 —

Annar iðnaður.

Glerslípun og speglagerð	4 ár
Leirkerasmiði	4 —
Tágariðn	4 —
Tannsmiði	4 —

6. gr.

Nú óskar meistari eða iðnfyrirtæki að gera námssamning í sérgrein innan löggiltrar iðngreinar, og getur þá iðnfræðsluráð heimilað staðfestingu slíks samnings, ef fyrir liggur álit fræðslunefndar iðngreinarinnar um, að eðli sérgreinarinnar leyfi sjálfstætt nám og próftökur og að nefndin mæli með, að slíkt sérnám eigi sér stað.

Iðnfræðsluráð ákveður að fengnum tillögum fræðslunefndar lengd námstíma, en aldrei getur námstími þó orðið skemmri en sem nemur hálfum námstíma hlutaðeigandi iðngreinar.

7. gr.

Á stöðum, þar sem ekki er unnt að hafa samfellda vinnu allt árið í einhverri iðn og nemandinn getur fengið aðra atvinnu nokkurn hluta ársins, má dreifa náminu á fleiri ár, þó svo, að samanlagður mánaðafjöldi við námið samsvari þeim árafjölda, er að framan greinir. Þetta skal þó aðeins gert, séu hlutaðeigendur því samþykkir, enda komi samþykki Iðnfræðsluráðs til. Vinna við iðnnámið má þó aldrei standa skemur en 6 mánuði á ári.

Sama gildir, ef nemandi stundar annað framhaldsnám jafnhliða iðnnámi.

8. gr.

Nú hefur nemandi áður stundað verknám á öðrum skólastigum eða á verklegu námskeiði, og ákveður Iðnfræðsluráð þá styttingu námstíma, eftir því sem efni er

til, enda hafi námsefni og námstilhögun í slíku verknámi verið samþykkt af Iðnfræðsluráði, áður en kennsla er hafin.

Nemendur, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá verknámsskóla iðnaðarins skulu þó ávallt eiga rétt til styttingar á námstíma sínum, ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrirtæki, sem því svarar, að átta mánaða verknámsskóli stytti iðnnám samkvæmt námssamningi um 12 mánuði.

Iðnfræðsluráð getur sett nánari reglur um styttingu námstíma samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Iðnaðarmaður, sem lokið hefur námi og staðist sveinsprof í einhverri iðngrein og vill gerast nemandi í annarri skyldri iðngrein, skal ekki þurfa nema hálfan heildarnámstíma þeirrar iðnar.

Geta skal í námssamningi ástæðunnar til þess, að samið er um styttri tíma en venja er til.

Ákvæði þessarar greinar gilda, þótt viðbótar- eða framhaldsnámið fari fram í viðurkenndum skóla, hér á landi eða erlendis.

10. gr.

Nú hefur maður starfað í þeirri iðngrein, sem sérgrein hans heyrir undir, jafnlangan tíma og nemur námstíma í iðngreininni, og er honum þá heimilt, að fengnu leyfi Iðnfræðsluráðs, að þreyta sveinspróf í iðngreininni, enda hafi hann áður lokið brottfararprófi frá iðnskóla.

Vottorð meistara eða iðnfyrirtækis skal vera til staðfestu starfstíma samkvæmt ákvæði þessarar greinar.

Heimilt er þeim, sem lokið hefur sveinsprófi í sérgrein, að stunda nám í iðnskóla sem væri hann nemi í iðngrein þeirri, sem sérgreinin fellur undir, enda fullnægi hann inntökuskilyrðum í iðnskóla.

11. gr.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara í sömu iðn, en slitið námsamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari, nema telja meg, að nemandinn hafi eigi notið þeirrar kennslu, sem eðlilegt er með tilliti til, hversu langt er liðið á náms-tímann.

Sé um skylda iðngrein að ræða, ákveður Iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti skuli taka fyrri námstímann til greina.

III. KAFLI

Löggilding. — Námssamningar.

12. gr.

Iðnfræðsluráð löggildir iðnmeistara, er það telur hæfa og fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í námsreglum viðkomandi iðngreinar, til að taka nemendur til iðnnáms og ákveður, hve marga nemendur meistari meg hafa, út frá því sjónarmiði einu, að nemandinn fái notið fullkominnar kennslu í iðninni.

Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa meistara í þjónustu sinni. Við ákvarðanir sínar í þessu efni skal Iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustað, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Iðnfræðsluráð getur fellt úr gildi löggildingu fyrirvaralaust, ef það telur forsendur þær, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, ekki vera lengur fyrir hendi.

13. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki, sem vill taka nemendur til iðnnáms, skal senda skriflega umsókn um löggildingu til Iðnfræðsluráðs ásamt þeim gögnum, sem áskilin eru á hverjum tíma. Nú vill meistari eða iðnfyrirtæki, sem hlotið hefur löggildingu, taka nemanda til iðnnáms, og skal þá tilkynna það viðkomandi iðnfulltrúa, áður en námssamningur er gerður. Sá, sem hefja vill iðnnám, skal senda um það umsókn til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum iðnmeistara eða iðnfyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að komast í nám eða beina umsókninni til Iðnfræðsluráðs.

14. gr.

Enginn má hefja iðnnám yngri en 15 ára. Í iðngreinum, þar sem vinnuhættir, vinnuskilyrði, vinnutími eða önnur atvik gera slíkt nauðsynlegt, getur þó Iðnfræðsluráð áskilið hærra aldursmark. Leita skal álits embættislæknis eða þeirra aðila, sem fara með vernd barna og unglinga, áður en slík ákvörðun er tekin. Óheimilt er að gera námssamning við ungling, nema hann hafi lokið miðskólaprófi eða öðru prófi jafngildu.

Iðnfræðsluráð getur þó, þegar um er að ræða nemendur, sem hefja iðnnám eftir 18 ára aldur veitt undanþágur frá þessu ákvæði, ef fræðslunefnd viðkomandi iðngreinar samþykkir fyrir sitt leyti, að undanþága sé veitt, að því er iðngreinina varðar, sbr. þó 64. gr.

Óheimilt er að gera námssamning við ungling í sérgrein, nema hann uppfylli þau skilyrði, sem sett eru fyrir námi í viðkomandi sérgrein.

15. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í þrem eintökum. Fær hvor samningsaðili sitt eintak að lokinni staðfestingu, en Iðnfræðsluráð heldur hinum þriðja.

Áður en samningar eru lagðir inn til staðfestingar hjá iðnfulltrúa eða Iðnfræðsluráði skal greiða gjald þeirra vegna inn á póstgíróreikning Iðnnemasambands Íslands. Gjald þetta skal vera 1½% af fyrsta árs launum rafvirkjanema 17 ára og eldri, eins og þau eru hverju sinni.

Meistari eða iðnfyrirtæki skal greiða ⅔ hluta gjaldsins, en nemi ⅓ hluta. Gjald þetta rennur til fræðslustarfsemi Iðnnemasambands Íslands um iðnfræðslulöggjöfina. Menntamálaráðuneytið annast eftirlit með notkun fjárins.

Iðnfulltrúi skal staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella. Synji iðnfulltrúi um staðfestingu námssamnings, má áfrýja því til Iðnfræðsluráðs.

16. gr.

Iðnfræðsluráð leggur til ókeypis eyðublöð undir námssamninginn og ræður gerð hans, og eru námssamningar gerðir á önnur eyðublöð ógildir.

Í samningseyðublöðum skal hafa eyðu fyrir nafn þess iðnskóla, sem nemandi á að sækja.

Iðnfræðsluráð skal senda greinargerð reglulega til viðkomandi iðnskóla um, hverjir hafa látið skrá sig til skólans. Iðnfræðsluráð skal halda skrá um þá námsamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

17. gr.

Námstíminn telst hafinn á dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hlýtur, enda hafi nemandi þá byrjað nám sitt. Námssamning skal senda Iðnfræðslu-

ráði eða iðnfulltrúa til staðfestingar innan eins mánaðar frá dagsetningardegi, og er við áritun Iðnfræðsluráðs eða iðnfulltrúa heimilt að breyta byrjunartíma námsins, ef samningur berst eigi innan þess tíma.

18. gr.

Nú fer meistari sá, sem skráður er í námssamningi sem lærimeistari nemanda, úr þjónustu iðnfyrirtækis, sem löggildingu hefur hlotið (sbr. 12. gr. reglugerðar þessarar), og ber þá iðnfyrirtækinu að sjá nemanda fyrir öðrum hæfum lærimeistara í iðninni.

Iðnfyrirtækið skal þegar tilkynna Iðnfræðsluráði meistaraskipti, enda skal skrá þau í námssamninginn.

19. gr.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar, vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá Iðnfræðsluráð svipt hlutaðeigandi rétti til að hafa nemendur tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurð Iðnfræðsluráðs má þó bera undir dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurður var birtur aðilum.

IV. KAFLI

Vinnutími, orlof, slysa- og sjúkdómstilfelli.

20. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra verka, er þeim er skipað til. Þeir skulu vera ástundunarsamir og trúir í starfi. Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina í hlutaðeigandi iðngrein samkvæmt kjarasamningi, sbr. þó 21. gr.

Nú er svo ástatt í einhverri iðngrein, að ekki er fyrir hendi samningur um vinnutíma sveina, og getur þá Iðnfræðsluráð ákveðið hámarksvinnutíma nemenda í iðngreininni með hliðsjón af vinnutíma í skyldum iðngreinum. Nemendum er ekki skylt að inna af hendi eftirvinnu eða helgidagsvinnu og ekki má setja þá til neinnar þeirrar vinnu, sem ekki lýtur að námi þeirra, er þeim um megn eða skaðleg getur talist heilsu þeirra.

Kaup nemanda skal vera viku- eða mánaðarkaup, miðað við fulla vinnuviku, og skulu verkefni hjá meistara ekki hafa áhrif á kaupið.

21. gr.

Þegar iðnskólakennsla fer fram í dagskóla með fullum kennslustundum, heldur nemandi kaupi sínu en mætir ekki til vinnu.

Fari iðnskólakennsla fram að fullu í kvöldskóla (30 vikur), skal vinnutími nemanda á vinnustað vera 12 stundum styttri á viku en samningsbundinn vinnutími sveina.

Nú stundar nemandi iðnskólanám að öllu leyti utan samningsbundins vinnutíma, og getur þá Iðnfræðsluráð stýtt námstíma samkvæmt samningi, er svarar þeim tíma, sem ella hefði dregist af vinnutíma vegna skólanámsins.

22. gr.

Um orlof iðnnema fer samkvæmt lögum um orlof, sbr. lög nr. 87 frá 24. desember 1971 og lög nr. 109 frá 31. desember 1972.

23. gr.

Í slysa- og sjúkdómstilfellum skal nemandi hjá meistara eða iðnfyrirtæki fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann.

Þó skal nemandi aldrei missa af launum sínum fyrstu 14 dagana, eftir að hann forfallast frá vinnu sökum slysa eða sjúkdóma.

Skýlt er nemanda að leggja fram læknisvottorð í slysa- og sjúkdómstílfellum, og getur meistari eða iðnfyrirtæki vísað á sérstakan trúnaðarlækni í þessu sambandi.

24. gr.

Iðnfræðsluskólar skulu greiða slysatryggingariðgjald samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna þeirra nema, sem stunda nám í verknámsskólum iðnaðarins, og einnig fyrir þá, sem stunda verkleg námskeið, enda séu nemendurnir ekki á staðfestum námssamningi. Um greiðslu bóta, ef slys verða, fer eftir reglum Tryggingarstofnunar ríkisins á hverjum tíma.

25. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur lengur en 6 mánuði samtals á námstímanum, getur Iðnfræðsluráð þá ákveðið, að námstíminn framlengist hæfilegan tíma.

Í þessu sambandi skal ekki telja til veikinda, þótt námsstúlka sé fjarverandi vegna barnshurðar, enda sé fjarvera ekki lengri en 3 mánuðir á námstímanum og kaup hafi eigi verið greitt fyrir þann tíma.

V. KAFLI

Verklegt nám.

26. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki skal veita nemanda sínum kennslu í námsgreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum störfum, er iðngreinin tekur til venju samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, sem tíðkuð eru í iðngreininni.

27. gr.

Iðnfræðsluráð skal setja námsreglur fyrir hverja iðngrein að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðslunefndar, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skuli hljóta æfingu í á hverju ári námstímans.

28. gr.

Iðnfræðsluráð getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnubækur þar sem skráð séu þau störf, er nemendur stunda á námstímabilinu, og hve lengi unnið er við hvert starf.

Vinnubækur þessar skulu gefnar út af Iðnfræðsluráði, og skulu nemandi og meistari staðfesta með áritun sinni, að þær séu rétt færðar.

Nemandi skal framvísa vinnubók sinni árlega við innritun í iðnskóla, og gengur skólinn úr skugga um, að störf nemanda séu í samræmi við námsreglur viðkomandi iðngreinar.

Telji skólinn, að misbrestur hafi orðið á í þessu efni, skal vinnubókin send Iðnfræðsluráði, sem hlutast til um, að úr verði bætt.

29. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni og fylgjast með, að námsreglum sé framfylgt. Í þessu skyni geta þeir lagt fyrir aðila að framvísa vinnubókum hvenær sem er og heimsótt vinnustöðvar, er nemendur eru að verki.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir eða eftirlitsmenn, er Iðnfræðsluráð skipar, sér tli aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir nánari ákvörðun Iðnfræðsluráðs hverju sinni.

30. gr.

Iðnfulltrúar geta látið fara fram skyndipróf hvenær sem er á námstímanum í því skyni að kanna hæfni nemanda.

Hafi nemandi, að dómi iðnfulltrúa og prófnefndar eða eftirlitsmanns, eigi hlotið fullnægjandi fræðslu og æfingu, miðað við námsáætlun og hve langt er liðið á námstímann, geta þeir lagt fyrir meistara og iðnfyrirtæki að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir úrskurð Iðnfræðsluráðs.

31. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkþann á vinnustað, þar sem nemandi stundar nám sitt, og skal hann þá eigi taka þátt í framleiðslustörfum. Aftur á móti er nemandi skylt að mæta til æfingar og meðferðar véla og verkfæra á vinnustað, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega úr verklegu námi hennar vegna, og getur Iðnfræðsluráð þá ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

VI. KAFLI

Prófnefndir.

32. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hvernar iðngreinar og á þeim stöðum, sem henta þykir og hæfir prófnefndarmenn eru fyrir hendi. Jafnan skal vera ein prófnefnd í hverri iðngrein í hverju skólaumdæmi, en heimilt er þó að hafa færri prófnefndir, ef félag eða fulltrúar hlutaðeigandi iðngreinar gera tillögu um það til Iðnfræðsluráðs.

Iðnfræðsluráð setur prófnefndum starfsreglur.

33. gr.

Verksvið prófnefnda er:

- a. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi, eins og nánar segir í reglugerð þessari.
- b. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

Prófnefnd getur tekið sér eftirlitsmann til yfirsetu á prófstað, og greiði meistari próftaka þann kostnað.

34. gr.

Í prófnefnd skulu vera þrír menn, að jafnaði bæði meistarar og sveinar, og skulu þeir skipaðir af Iðnfræðsluráði til þriggja ára í senn. Jafnmargir skulu skipaðir til vara, séu þeir til á staðnum.

Tveir prófnefndarmenn skulu skipaðir að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðnráðs, eða iðnaðarmannafélags, þar sem iðnráð er ekki til, enda hafi það ráðfært sig við hlutaðeigandi iðnfélög, séu þau til á staðnum, en ella samiðnaðarmenn á viðkomandi stað. Hinn þriðja skipar Iðnfræðsluráð án tilnefningar, og skal hann vera formaður prófnefndar.

Nú er hvorki til iðnráð né iðnaðarmannafélag á staðnum, og getur þá Iðnfræðsluráð ráðfært sig við iðnaðarmenn á staðnum um skipun prófnefndar.

Iðnfræðsluráð tilkynnir prófnefndarmönnum skipunina og sendir þeim jafnframt eitt eintak af reglugerð þessari ásamt starfsreglum prófnefnda.

35. gr.

Nú eru á einhverjum stað ekki til nægilega margir samiðnaðarmenn í prófnefnd, og getur Iðnfræðsluráð þá skipað menn úr skyldum iðngreinum í prófnefndina.

Einn samiðnaðarmaður skal þó vera í prófnefndinni hið fæsta, sé fulllærður iðnaðarmaður í iðninni til hérlandis.

36. gr.

Nú eru á einhverjum stað enginn samiðnaðarmaður annar en meistari próftaka, og skal þá prófið fara fram á öðrum stað, þar sem hentugast er að fá prófnefnd. Þó má halda próf á þeim stað, þar sem námið fór fram, ef því verður við komið, að prófnefnd komi þangað, enda sé það sameiginleg ósk meistara og próftaka, og greiði meistari kostnað, sem af því leiðir. Hið sama gildir, þurfi nemandi að fara til prófs utan dvalarstaðar síns.

37. gr.

Sé prófnefnd ekki til í skólaumdæmi, ber meistara eða iðnfyrirtæki að snúa sér til Iðnfræðsluráðs um að fá skipaða prófnefnd.

38. gr.

Prófnefndarmaður vikur úr sæti í prófnefnd, ef hann er meistari nemanda eða skyldur honum að feðgatali eða niðja, eða öðrum lið til hliðar, maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Ennfremur skal þórfnefndarmaður vikja úr sæti, sé hann starfsmaður hjá meistara þeim eða iðnfyrirtæki, er próftaki stundaði nám hjá.

Víki prófnefndarmaður úr sæti, tekur varamaður sæti í prófnefndinni. Sé enginn varamaður til, skal iðnfræðsluráð skipa prófnefndarmann hverju sinni.

Aldrei mega tveir menn frá sama fyrirtæki vera prófdómendur samtímis.

39. gr.

Iðnfræðsluráð getur víkið prófnefndarmanni úr starfi, ef hann vanrækir starf sitt eða brýtur af sér á annan hátt að mati Iðnfræðsluráðs.

Verði ágreiningur milli prófnefndar og próftaka eða meistara hans, skal honum vísað til úrskurðar Iðnfræðsluráðs. Getur Iðnfræðsluráð tilnefnt sérstaka trúnaðarmenn til þess að fjalla um ágreininginn. Skylt er prófnefnd að varðveita öll gögn, er ágreininginn varða, og afhenda þau Iðnfræðsluráði eða fulltrúum þess, þar með talið prófverkið sjálft eins og próftaki skilaði því, eftir því sem við verður komið.

40. gr.

Kostnaður við prófnefndir greiðist úr ríkissjóði.

Prófnefnd afhendir viðkomandi lögreglustjóra innborguð prófgjöld skv. 48. gr. við undirritun sveinsbréfa, en hann greiðir prófnefndarmönnum þóknun samkvæmt reikningi.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun prófnefndarmanna að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

41. gr.

Til þess að tryggja samræmi í störfum prófnefnda skipar ráðherra sá, er fer með iðnfræðslumál, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, einn eða fleiri eftirlitsmenn með prófunum til 4 ára í senn. Skulu þeir hafa ákveðið eftirlitssvæði, ef

fleiri eru en einn, heimsækja hverja prófnefnd í undæmi sínu eftir þörfum og leiðbeina þeim um það, sem þurfa þykir.

Eftirlitsmenn þessir skulu gefa lönfræðsluráði árlega skýrslu um störf sín, enda eru þeir háðir fyrir mælum lönfræðsluráðs. Kostnaður við ferðir og störf eftirlitsmanna greiðist úr ríkissjóði.

42. gr.

Þar sem prófnefnd eða eftirlitsmaður telja ekki ástæðu til að hafa sérstakan prófstað, skal meistari sjá próftaka fyrir verkstæði og verkfærum við prófið, er metið sé gilt af prófnefnd og eftirlitsmanni.

43. gr.

Prófnefnd færir gerðabók um störf sín. Skal hún gerð eftir fyrirmynd, er lönfræðsluráð samþykkir. Þá er gerðabók er útskrifuð, skal hún afhendast lönfræðsluráði til varðveislu. Ennfremur skal prófnefnd halda bók, er í sé fært nafn próftaka, nafnnúmer, fæðingardagur hans, fæðingarár og staður, nöfn foreldra hans og atvinna, námstími og iðn, nafn og heimili lærimeistara, prófverkefni, svo og einkunnir í einstökum greinum og aðaleinkunn, er nemandi fær við prófið.

Nefnist sú bók prófbók og skal færast í fjórriti. Skal prófnefnd, að loknu sveinsprófi, afhenda viðkomandi lögreglustjóra eitt eintak, lönfræðsluráði annað, Landssambandi iðnaðarmanna hið þriðja og lönsvéinaráði Alþýðusambands Íslands fjórða eintakið.

44. gr.

Óheimilt er að taka mann til sveinsprófs, sem ekki hefur skriflegan námsamning, áritaðan samkvæmt lögum um iðnfræðslu og vottorð meistara um að hann hafi lokið námi sínu samkvæmt samningi, skirteini um fullnaðarpróf frá viðurkenndum iðnskóla, svo og önnur tilskilin vottorð.

Sá, sem lokið hefur iðnnámi sínu frá iðnfræðsluskóla eða lýkur því undir umsjón skólans, leggur ekki fram skriflegan námssamning.

Menntamálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá þessu eftir ástæðum, ef svo stendur á sem greint er í 130. grein.

45. gr.

Óheimilt er próftaka að byrja á verki við prófið fyrr en prófdómendur hafa samþykkt verkstæði eða vinnustað prófsins, uppdrætti, þar sem þeirra er krafist, og annan undirbúning undir prófið. Ennfremur skulu þeir ákveða, hvenær verkið skuli byrja og því verið lokið, og fullvissa sig um að próftaki sé við því búinn að inna verkið af hendi. Eftir að próf eru byrjuð, ber prófnefndum að hafa eftirlit með framkvæmd verksins eftir þörfum, og er þeim í því skyni heimill aðgangur að öllu, er lýtur að verkinu.

VII. KAFLI

Sveinspróf.

46. gr.

Þegar námstími er á enda, skal nemandi gera prófsmíði hjálparlaust eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni.

Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskirteini, er sé undirritað af formanni prófnefndar og lögreglustjóra.

Heitir það prófskirteini sveinspróf.

47. gr.

Þá er nemandi hefur lokið iðnnámi, skal meistari snúa sér til formanns viðkomandi prófnefndar í iðninni með beiðni um, að nemandinn fái að ganga undir sveinspróf. Beiðninni, sem skal vera skrifleg, skal fylgja:

1. Námsgámningur nemandans.
2. Fæðingar- og skírnarvottorð nemandans.
3. Vottorð meistara eða iðnfyrirtækis um, að nemandinn hafi lokið verklegu námi.
4. Burtfararprófskírteini frá iðnskóla.
5. Prófgjald það, er ræðir í 48. gr.

Nú eru, þegar sveinspróf hefst í iðninni, tveir mánuðir eða skemmri tími eftir af námstíma nemanda samkvæmt námsgámningi, og getur þá iðnfræðsluráð heimilað nemandanum að þreyta sveinspróf, enda hafi hann lokið burtfararprófi frá iðnskóla. Þó skal eigi gefa út sveinspróf til próftaka, þótt hann standist prófið, fyrr en námstíma hans er lokið samkvæmt námsgámningi, og skal sveinsprófi talið lokið sama dag og námstíma lýkur.

Nú er svo ástatt sem lýst er í 130. gr. og menntamálaráðuneytið hefur veitt leyfi til verklegs sveinsprófs eingöngu, leggur þá próftaki fram skírteini menntamálaráðuneytisins þar að lútandi ásamt:

1. Fæðingar- og skírnarvottorði.
2. Prófgjaldi því, sem um ræðir í 48. gr.

48. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki greiðir fyrir próftaka prófgjald, sem rennur í ríkisjóð og skal fylgja prófbeiðni, svo og annan kostnað, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af opinberu fé, svo sem kaup eftirlitsmanna á prófstað og kaup próftaka, meðan á prófi stendur, og stimpilgjald af sveinsbréfi.

Prófgjald, sem rennur í ríkisjóð, skal ákveðið ár hvert í samræmi við reglur um greiðslur til prófnefndarmanna.

Ekki er meistara eða iðnfyrirtæki skylt að inna af hendi kaupgreiðslu á próftíma, nema fyrir þann tíma, sem til dagvinnu telst, enda þótt prófið fari að einhverju leyti fram utan dagvinnutíma.

Þeir, sem hafa leyfi menntamálaráðuneytisins til verklegs sveinsprófs eingöngu, svo og þeir, sem þreyta próf í annað og þriðja skipti, skulu greiða prófkostnað sjálfir.

49. gr.

Nú háttar svo til, að prófverk er smíði hlutar, sem próftaki vill sjálfur eiga, og er honum það þá heimilt, enda standi hann sjálfur straum af öðrum kostnaði við prófið en próf- og stimpilgjaldi.

50. gr.

Hafi nemandi ekki staðist sveinspróf í iðninni, skal hann eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram.

Enginn nemandi getur átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum, þó má ekki liða lengri tími en tvö ár frá því að hann þreytti próf fyrst í iðninni, þar til hann þreytir próf í þriðja sinn.

Ráðherra getur þó lengt tveggja ára frestinn, ef sérstaklega stendur á.

Nemandi, sem ekki hefur staðist sveinspróf, en óskar að ganga undir próf á ný, skal ávallt ganga undir próf í sama lögsagnarumdæmi og hann gekk undir próf í fyrsta sinn. Iðnfræðsluráð getur þó veitt undanþágu frá þessu.

51. gr.

Þegar svo er ástatt sem segir í 50. gr. reglugerðar þessarar, getur nemandi jafnan sjálfur snúið sér til formanns prófnefndar á viðkomandi stað með beiðni um að fá að ganga undir sveinspróf á ný.

Beiðni skal vera skrifleg, og skal fylgja henni það, er greinir í 47. gr. reglugerðar þessarar, enda greiði nemandi þá sjálfur prófgjald skv. 48. gr.

52. gr.

Sveinspróf skal halda tvisvar á ári, eftir nánari ákvörðun Iðnfræðsluráðs. Skal auglýsa prófið með a. m. k. tveggja vikna fyrirvara. Umsóknir um próftöku skulu komnar til formanns prófnefndar fyrir 1. þess mánaðar, er próf skal fara fram í.

53. gr.

Prófið er:

- a. Ákveðin smíði eða verk samkvæmt 54. gr., er sýni kunnáttu nemandans í iðninni.
- b. Vinna á verkstæði eða vinnustað, er sýni leikni nemandans, handlagni og vinnuhraða.
- c. Teikning.
- d. Munnlegt próf um handbrögð, efni, verkfæri, tæki, vélar og annað, er varðar iðn hans.

Þeir, sem hafa leyfi menntamálaráðuneytisins til verklegs sveinsprófs eingöngu, samanber 130. gr., skulu aðeins prófaðir í liðum a., b. og d.

54. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, reglur um prófverkefni og tilhögun sveinsprófs í hverri iðngrein og sérgrein um sig.

Skal Iðnfræðsluráð hafa frumkvæði um, að reglur þessar séu endurskoðaðar, svo oft sem þurfa þykir, í samráði við fræðslunefnd hlutaðeigandi iðngreinar.

55. gr.

Prófnefnd ákveður prófverkið í samræmi við reglur þær, sem um ræðir í 53. og 54. gr. Hún ákveður, hve langan tíma nemandi fær til prófsins og hvernig umsjón með því skuli hagað samkvæmt fyrirmælum Iðnfræðsluráðs.

56. gr.

Nú vill próftaki vinna annað verk eða gera annan grip en prófnefnd hefur ákveðið, og er þá prófnefnd heimilt að leyfa það, ef hún telur að það sýni eins mikla kunnáttu próftaka í iðn sinni og ef lærimeistari lýsir yfir því, að próftaki kunni einnig að gera það verk, er prófnefnd hefur ákveðið.

57. gr.

Við prófið skal gefa einkunnir í heilum tölum frá 1 til 10, en aðaleinkunn skal reikna með einum aukastaf. Skal sérstök einkunn gefin fyrir hvern lið, sem nefndur er í 53. gr., og verður meðaltal þeirra einkunna aðaleinkunn prófsins.

Ekki má láta neinn fá sveinsbréf, sem fær minna en 5 í aðaleinkunn, verklegu prófi né teikningu eða minna en 3 í nokkurri prófgrein.

Einkunnin 9 og þar yfir telst ágætiseinkunn, 7.3–8.9 I. einkunn, 6.0–7.2 telst II. einkunn og 5.0–5.9 telst III. einkunn.

58. gr.

Þegar próftaki hefur lokið prófi, skal prófnefndin þegar gefa viðkomandi lög-reglustjóra skýrslu um prófið á frumriti sveinsprófsbókar.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir öll sveinsbréf, útgefin í umdæmi hans.

Ef próftaki hefur staðist prófið, skal lögreglustjóri gefa út sveinsbréf af rétttri gerð handa próftaka.

Lögreglustjóri leggur til eyðublöð undir sveinsbréfin.

Sveinsbréfin skulu gerð í bókarformi eða samanbrotin í hylki eftir nánari ákvörðun Iðnfræðsluráðs. Sveinsbréfin skulu vera af tveim gerðum. Önnur með yfirskriftinni „SVEINSBRÉF“, og skal gefa þá gerð út til handa þeim, sem lokið hafa fullkomnu iðnnámi með iðnskóla eða í framhaldsdeild verknámsskóla. Hin gerðin skal vera með yfirskriftinni „SVEINSBRÉF“, veitir ekki rétt til meistara-bréfs“, og skal gefa þá gerð út til handa þeim, sem lokið hafa prófi í sérgreininni eða prófi í verklegum hluta sveinsprófs eingöngu.

Óski einhver iðngrein eftir að hafa sérstaka gerð á sveinsbréfinu, skal það heimilt á kostnað hlutaðeigandi iðngreinar, en þó því aðeins, að Iðnfræðsluráð samþykki útlit sveinsbréfsins.

Á sveinsbréfinu skulu eftirtalin atriði að minnsta kosti koma fram:

1. Fullt nafn próftaka.
2. Nafnnúmer.
3. Fæðingardagsetning.
4. Að viðkomandi hafi lokið sveinsprófi í iðn eða sérgrein.
5. Nafn iðngreinar eða sérgreinar.
6. Einkunnir fyrir verklegt próf.
7. Einkunnir fyrir iðnskólapróf.
8. Lýsing á prófverki.
9. Útgáfudagsetning.
10. Undirskrift formanns prófnefndar.
11. Undirskrift lögreglustjóra.
12. Neðanmáls skal setja flokkun einkunna samkvæmt 100. gr.
13. Yfirlýsing á enskri tungu um, að viðkomandi hafi staðist sveinspróf í grein-inni samkvæmt lögum og reglugerðum.
14. Staðfesting lögreglustjóra á yfirlýsingunni.

B. IÐNFRÆÐSLUSKÓLAR

VIII. KAFLI

Iðnfræðsluskólar — skilgreining.

59. gr.

Iðnfræðsluskólar, sem reglugerð þessi tekur til, nefnast einu nafni eftirtaldir skólar:

- a. Iðnskólar, sbr. 62. gr., sem veita fræðslu nemendum, sem nema vilja iðn til sveinsprófs.
- b. Verknámsskólar iðnaðarins og framhaldsdeildir þeirra, sbr. 71. og 76. gr., sem veita fræðslu, verklega og bóklega, um iðnaðarstörf.
- c. Sérskólar einstakra iðngreina, sbr. 85. gr., sem hafa sama markmið og skólar þeir, sem nefndir eru í a. og b.
- d. Meistaraskólar, sbr. 87. gr., sem ætlaðir eru þeim, sem búa sig undir meistara-próf eða verkstjórn í iðnaði.

60. gr.

Skólaumdæmi skulu vera sem hér segir, og starfi einn iðnfræðsluskóli í hverju umdæmi.

1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla.
2. Vestfjarðumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.
3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður.
4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður, Norður-Þingeyjarsýsla.
5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður, Austur-Skaftafellssýsla.
6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnessýsla.
7. Vestmannaeyjaumdæmi: Vestmannaeyjakaupstaður (sbr. 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 68/1966).
8. Reykjanesumdæmi: Gullbringusýsla og Keflavíkurkaupstaður (sbr. 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 68/1966).
9. Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður, Kjósarsýsla.
10. Reykjavíkurborg.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmi um takmarkaðan tíma, hafi verið fleiri skólar starfandi við gildistöku þessarar reglugerðar. Ennfremur getur ráðherra löggilt sérskóla einstakra iðngreina.

61. gr.

Ráðherra ákveður, hvar skólasetur hvers skólaumdæmis skv. 60. gr. skuli vera, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs og sýslunefnda og bæjarstjórna í hlutaðeigandi skólaumdæmi.

Að jafnaði skal ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi hefur verið mestur innan hvers skólaumdæmis, miðað við næstu 5 ár á undan, enda hafi verið um samfellt skólahald að ræða.

Við ákvörðun skólasetra skal ennfremur taka tillit til atvinnuhátta, samgangna og eðlilegra tengsla við aðrar fræðslu- og þjónustustofnanir í skólaumdæminu.

IX. KAFLI

Iðnskólar. Markmið. Inntökuskilyrði.

62. gr.

Iðnskólar veita fræðslu nemendum sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt reglugerð þessari, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnslustöðvum eftir því sem við á og ákveðið er í reglugerð þessari. Ennfremur er iðnskólum rétt að efna til námskeiða í bóklegum og verklegum greinum, ef henta þykir, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til hverju sinni.

63. gr.

Iðnskólar skulu vera dagskólar, og skal kennsla fara fram í allt að þriggja mánaða námstímabilum, einu fyrir hvert námsár viðkomandi iðngreinar.

Heimilt er þó að fengnu samþykki Iðnfræðsluráðs að hafa annað fyrirkomulag á náminu, enda verði fullum kennslustundafjöldi náð í hverri námsgrein samkvæmt námsskrá.

Meðan svo háttar til, að ókleift reynist að fá húsnæði og kennslukrafta að degi til, má kennslan fara fram að nokkru leyti að kvöldi til, þó ekki eftir kl. 22.00. Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við um námskeið skv. síðustu mgr. 62. gr.

64. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði iðnskóla:

1. Að umsækjandi sé fullra 15 ára.
2. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða
3. að viðkomandi sanni kunnáttu sína til þess að geta stundað nám í iðnskóla með því að standast miðskólapróf í íslensku, ensku, dönsku og reikningi á vegum ráðuneytisins.

Áskilja má, að nemandi hafi tiltekna lágmarkseinkunn á miðskólaprófi í einstökum námsgreinum svo og í aðaleinkunn, og heimilt að hafa slíkar einkunnir breytilegar eftir þörfum einstakra iðngreina.

Ráðuneytið setur nánari reglur um, hverjar þessar lágmarkseinkunnir skuli vera og í hvaða greinum, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs. Iðnfræðsluráði er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 2. töluliðar 1. mgr., þegar um er að ræða nemendur, sem hefja iðnnám eftir átján ára aldur, enda liggi fyrir samþykkt fræðslunefndar viðkomandi iðngreinar um, að undanþága sé veitt, að því er iðngreinina snertir.

Sé undanþágan veitt, skal nemandi sýna við inntökupróf, að hann hafi nægilega þekkingu til að geta fylgst með kennslu í 1. bekk, og skulu inntökupróf miðuð við eigi minni kröfur en gerðar eru til miðskólaprófa í þessum námsgreinum.

Setja má sérstök inntökuskilyrði fyrir sérgreinar, í samræmi við námsáætlanir þeirra.

65. gr.

Heimilt er iðnskólum að halda undirbúningsnámskeið fyrir þá nemendur, sem þurfa inntökupróf skv. 64. gr., svo og þá nemendur, sem að mati skólans, sbr. 2. mgr. 64. gr., hafa ekki hlotið nægilega háa einkunn í einni námsgrein eða fleiri við miðskólapróf til þess að geta fylgst með kennslu í 1. bekk.

66. gr.

Skólinn er því aðeins skyldugur að taka nema úr sínu umdæmi, að greinin sé kennd við skólann. Nenum úr öðrum skólaumdæmum er skylt að veita viðtöku í þeim greinum, sem kenndar eru við skólann, ef viðkomandi sveitarfélag samþykkir greiðsluskyldu sína (sjá 129. gr.).

Nemendur skulu hafa löglega námssamninga og fullnægja öðrum settum skilyrðum. Iðnfræðsluráð tilkynnir iðnskólum um þá iðnnema, sem innrita skal í skólana samanber 16. gr., samkvæmt námssamningi og skal iðnskólinn ákveða námsferil nemandans í skólanum og tilkynna hann nema og meistara eða iðnfyrirtæki.

Við slíka ákvörðun námsferils skal ætíð hafa í huga, að neminn geti lokið skólanámi á samningstímanum.

Ennfremur skal senda sömu aðilum árlega tilkynningu um, hvenær nemi skuli koma í skóla.

Meistarar og iðnnemar skulu tilkynna forföll, en meistarar, sem sanna ekki forföll nemenda sinna, skulu greiða fullan skólakostnað að mati skólans, ef nemandinn vill halda áfram námi.

Nú getur nemandi einhverra orsaka vegna ekki sótt skóla á tilsettum tíma, og skal þá sækja um skólavist á öðrum tíma til skólastjórnar með a. m. k. fjögurra vikna fyrirvara.

X. KAFLI

Um kennslu og námsefni í iðnskólum.

67. gr.

Kennslugreinar skulu vera þessar:

Íslenska, félagsfræði, reikningur, eðlis- og efnafræði, iðnfræði, teikning, danska, enska og bókfærsla.

68. gr.

Kennslan fer fram eftir námsskrá, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Óheimilt er skólanum að skerða þann stundafjölda, sem gert er ráð fyrir í námsskrá, og verði um endurtekin forföll kennara að ræða, skal skólinn bæta nemendum slík forföll.

Námsefni á undirbúningsnámskeiðum og sérnámskeiðum ákveður stjórn skólans að fengnu samþykki Iðnfræðsluráðs.

69. gr.

Lengd hverrar kennslustundar og fjölda þeirra í hverri námsgrein skal miða við að ná þeim heildarstundafjölda, sem gert er ráð fyrir í námsskrá. Vikulegur kennslutími nema má ekki fara fram úr 40 klukkustundum á viku, og að jafnaði skal ekki kenna hverjum nema lengur en 8 klukkustundir dag hvern.

70. gr.

Nemendur í hverri bekkjardeild séu að jafnaði 24—26, eigi fleiri en 30 og aldrei færri en 10, nema um kennslu í sérgreinum sé að ræða.

Þegar nemendafjöldi leyfir, skal nemendum sömu iðngreinar skipað saman í bekkjardeild, en ella skal skipa saman nemendum skyldra iðngreina, eftir því sem kostur er á.

XI. KAFLI

Verknámsskólar. Markmið. Inntökuskilyrði.

71. gr.

Verknámsskólar iðnaðarins veita fræðslu verklega og bóklega um undirstöðuatriði iðnaðarstarfa. Kennslan skal miða að því, að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á vélum og verkfærum, sem, um er að tefla og efnum, sem úr er unnið, jafnframt því sem áhersla skal lögð á þjálfun þeirra í starfi á kerfisbundinn hátt með það að markmiði, að nemendur verði sem hæfastir til starfs í starfsgrein sinni að loknu námi.

72. gr.

Almenn inntökuskilyrði verknámsskóla eru hin sömu sem iðnskóla sbr. 64. gr., eftir því sem við á.

73. gr.

Verknámsskólar skulu starfa frá 1. september til 31. maí ár hvert, og skal námstími vera 32 kennsluvikur að viðbættum prófum. Kennsla skal miða að undirbúningi undir iðnnám, annað tækninám og iðnaðarstörf. Ráðuneytið getur heim-

ilað, ef sérstaklega stendur á, að skipta megi starfstíma verknámsskóla í tvö náms-tímabil, enda sé hvort eigi skemmra en 16 kennsluvikur auk prófa, svo að náð verði fullum kennslustundafjölda samkvæmt námsskrá.

74. gr.

Námstímanum skal varið sem næst að jöfnu milli bóknáms og verknáms. Í bóknámsgreinum skal miða kennslu við námsskrá 1. og 2. bekkjar iðnskóla, sbr. 68 gr.

75. gr.

Verklegt nám fer fram í vinnustofum skólanna. Í þeim greinum, þar sem nemendafjöldi er nægur, má miða kennsluna við einstaka iðngrein, en ella við flokk skyldra greina. Í verknámi skulu nemendur ekki vera fleiri en 12 til 15 í námshópi, og skal við það miðað að skipta bekkjardeildum í tvennt ef fjölmennari eru.

76. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, að starfrækja skuli framhaldsdeildir við verknámsskóla í einstökum iðngreinum.

Í iðngreinum, þar sem erfitt er að koma við námi á vinnustað, má á sama hátt ákveða að námið fari að öllu leyti fram í verknámsskóla með framhaldsdeild, enda hafi skólinn hæfa meistara í þjónustu sinni. Í þessum tilvikum ber skólanum að sjá svo um, að nemandinn hafi að námstíma loknum, hlotið hæfilega æfingu í öllum störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, sem tíðkuð eru í iðngreininni.

Um námstíma í framhaldsdeild, námsefni og námstilhögun gilda ákvæði 80. gr.

77. gr.

Nemendur, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá verknámsskóla, skulu eiga rétt til styttingar á námstíma sínum, ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrir-tæki, svo sem segir í 8. gr. reglugerðar þessarar.

78. gr.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, hvaða iðngreinar eða flokkar skyldra greina skuli kenndar við hvern verknámsskóla um sig, og er óheilt að fjölga verknámsgreinum, nema að fengnu samþykki ráðherra.

Þegar um er að ræða nám eða námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuíðnaðar eða aðra tæknistarfsemi, skipar Iðnfræðsluráð fræðslunefndir frá hlutaðeigandi að-ilum, samanber 4. gr. Fræðslunefndin leggur fram námsáætlun fyrir starfsgreinar til umsagnar Iðnfræðsluráðs og ákvörðunar ráðherra.

XII. KAFLI

Um kennslu og námsefni í verknámsskóla.

79. gr.

Í verknámsskóla skal kennslan bæði vera bókleg og verkleg, og gilda um hana reglur, er hér fara á eftir.

80. gr.

Verkleg kennsla fari fram eftir námsreglum, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs. Námsreglur skulu miðast við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðngreina.

Í námsreglum skal í meginatriðum sagt fyrir um, í hverju verknámið skuli fólgið, hve miklum tíma skuli varið til kennslu í hverjum verkþætti fyrir sig og í hvaða röð kennsla og þjálfun skuli veitt í einstökum verkþáttum.

Kennslu í verknámsgreinum skal haga þannig, að hún sé í sem mestu samræmi við þau vinnubrögð, sem tíðkast á vinnustað í viðkomandi grein.

Auk þess að kennsla fari fram eftir námsskrá, ber að leggja áherslu á, að nemendur vinni skipulega og nái sem fyrst eðlilegum vinnuhraða.

Strax og telja má, að nemendur hafi tileinkað sér undirstöðuatriði verknámsins, skal haft eftirlit með þeim tíma, sem nemendur nota til úrlausnar verkefna. Þar sem slíkt á við, skulu nemendur vandir á að nota vinnuseðla og kennt að útfylla þá.

Eftir því sem við verður komið og slíkt brýtur ekki í bága við kennslu og námsefni, skal áhersla lögð á hagnýt verkefni, t. d. smíði á verkfærum og búnaði fyrir skólana eða söluvarning, ef um slíkt getur verið að ræða.

Í verknámi skal hafa kennsluna samfellda og sem mest í samræmi við það sem tíðkast á vinnustað.

Heimilt er að hafa 10 mínútna hlé eftir 2 samfelldar kennslustundir, en að öðru leyti skal veita matar- og kaffihlé sem mest í samræmi við þær reglur, sem gilda í viðkomandi iðngrein, eftir því sem við verður komið.

81. gr.

Nú samþykkir ráðuneytið, að verknámsskóli starfræki framhaldsdeildir, þar sem iðnnám til sveinsprófs fari fram að fullu, og skal þá kennslu hagað þannig, að hún sé í svo miklu samræmi við starfshætti á vinnustað sem unnt er. Er skólanum heimilt í þessu skyni að ráðstafa nemanda til þjálfunar á vinnustað undir eftirliti skólans samkvæmt nánari fyrirmælum Iðnfræðsluráðs.

82. gr.

Í verknámsskólum skal lögð áhersla á að kynna nemendum gildandi reglur um öryggi og slysavarnir á vinnustað.

83. gr.

Bókleg kennsla fari fram eftir námsskrá, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Í eins árs verknámsskóla skal miðað við, að námsefni samsvari námsskrá 1. og 2. bekkjar iðnskóla. Um námsefni á framhaldsnámskeiðum setur ráðuneytið sérreglur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Í verkefni til sveinsprófs skal námsefni í bóklegum greinum a. m. k. samsvara námsskrá til burtfararprófs úr iðnskóla.

84. gr.

Verknámsskólar leggja nemendum til efni og verkfæri til verknámsins.

Nemendur leggja sér til vinnuklæðnað í samræmi við þær reglur, sem skólinn setur.

Munir og önnur verðmæti, sem framleitt er í vinnustofum skólanna, eru eign þeirra, en heimilt skal nemendum að eignast þá muni, sem þeir gera sjálfir, gegn greiðslu efniskostnaðar. Á þetta einkum við um verkfæri, sem nemendur hafa framleitt og geta haft þýðingu fyrir áframhaldandi starf þeirra.

Að öðru leyti ráðstafar stjórn skólanna framleiðslu þeirra.

Nú selur framhaldsdeild verknámsskóla út vinnu nemenda, og er þá skólanum heimilt að greiða nemendum kaup. Verði ágreiningur um kaupfjárhæðina, sker Iðnfræðsluráð úr.

Verknámsskólar greiða slysatryggingariðgjald fyrir þá nemendur sína, sem ekki eru á námssamningi hjá meistara, samanber 23. gr. reglugerðar þessarar.

Skýlt er nemendum að inna af höndum í þágu skólans viðhald og viðgerðir á tækjum og búnaði skólans í allt að 2 vikur af starfstíma skólans.

XIII. KAFLI

Sérskólar einstakra iðngreina.

85. gr.

Sérskólar teljast þeir skólar, sem ráðuneytið viðurkennir, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, til þess að veita fræðslu, bóklega og verklega, nemendum einstakra iðngreina.

86. gr.

Um inntökuskilyrði, námsefni, námsskrá, próf og aðra tilhögun námsins, gilda ákvæði reglugerðar þessarar, eftir því sem við á.

87. gr.

Þessir sérskólar eru viðurkenndir:

- a) Hótel- og veitingaskóli Íslands fyrir nemendur í matreiðslu og framreiðslu. Sjá ennfreður lög nr. 6/1971.
- b. Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi, fyrir nemendur í skróðgarðyrkju.
- c. Vélskóli Íslands fyrir nemendur í málmiðnaðargreinum, sbr. reglugerð um vélstjóranám nr. 200/1974.

XIV. KAFLI

Meistaraskólar. Markmið. Inntökuskilyrði.

88. gr.

Meistaraskóla skal starfrækja í Reykjavík.

Við aðra skóla, sem um ræðir í 60. gr. reglugerðar þessarar, má einnig starfrækja meistaraskóla að fengnu samþykki ráðherra, sem jafnframt ákveður að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, til hvaða iðngreina kennsla skuli taka.

89. gr.

Meistaraskólar veita fræðslu, verklega og bóklega, þeim, sem búa sig undir meistarapróf, löggildingu, sé hennar krafist í viðkomandi iðngrein, eða verkstjórn í iðnaði.

Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðngreina.

90. gr.

Skilyrði til inngöngu í meistaraskóla er, að viðkomandi hafi lokið sveinsprófi í hlutaðeigandi iðngrein. Krefjast má ákveðinnar lágmarkseinkunnar úr iðnskóla og verklegu prófi (sveinsprófi).

Lágmarkseinkunn, sé hennar krafist, skal ákveðin af ráðherra að fengnum tillögum viðkomandi fræðslunefndar.

91. gr.

Kennslugreinar skulu m. a. vera þessar:

1. Íslensk verslunarbréf og vélritun.
2. Stærðfræði og kostnaðarreikningur.
3. Bókfærsla og rekstrarhagfræði.
4. Enska.
5. Eðlis- og efnafræði.
6. Iðn- og verslunarréttur og vinnulöggjöf.
7. Slysavarnir og hjálp í viðlögum.
8. Verkstjórn og vinnuhagræðing.
9. Iðnfræði, bókleg og verkleg, varðandi þá iðngrein, sem um er að tefla.

92. gr.

Kennslan í bóknámsgreinum fer fram eftir námsskrá, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

93. gr.

Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum. Skal einkum lögð áhersla á að kynna nýjungar og sérstakar vinnuaðferðir, að því er snertir vélar, verkfæri, áhöld og efni, og skal um námsefni taka sérstakt tillit til þarfa iðngreina.

94. gr.

Námi lýkur með prófi, og nefnist það meistarapróf.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs og fulltrúa viðkomandi iðngreinar, ákveðið, að meistarapróf skuli vera skilyrði fyrir veitingu meistarabréfs í löggilttri iðngrein.

95. gr.

Um próf, einkunnagjöld og annað, sem ekki er tekið fram sértaklega, gilda að öðru leyti ákvæði þessarar reglugerðar, eftir því sem við getur átt.

96. gr.

Skólinn starfar sem eins árs skóli með 44 stunda kennsluviku, 7—8 mánuði árlega.

Heimilt er þó, að skólinn starfi í tveimur eða þremur áföngum með samsvarandi heildarnámstíma.

XV. KAFLI

Um próf.

97. gr.

Í verknámsskólum skal halda burtfararpróf í bóknámsgreinum að loknu kennslutímabili. Í verknámsgreinum skal við burtfararpróf gefa einkunnir fyrir þau verk efni, sem nemandi hefur skilað á kennslutímabili. Heimilt er þó að hafa sérstök próf í verknámsgreinum.

98. gr.

Í iðnskólum skal halda árspróf að loknu námi í öllum neðri bekkjum og burtfararpróf að loknu námi í efsta bekk hvernar iðngreinar. Lokapróf í þeim námsgreinum, sem ekki eru kenndar í efsta bekk hvernar iðngreinar, teljast til burtfararprófs.

Skyndipróf skal halda í námsgreinum, eftir því sem ákveðið er í námsskrá. Í þessu sambandi má þó meta vinnu nemenda í einstökum námsgreinum.

Heimilt er kennararáði að veita nemendum undanþágu frá ársprófi, ef þeir ná einkunn, sem að meðaltali er einum hærri á skyndiprófum en tilskilið er fyrir árspróf.

Ákvörðun um slíka undanþágu skal tekin í upphafi hvers skólaárs og ákyrðunin tilkynnt nemendum.

99. gr.

Iðnfræðsluráð ákveður prófverkefni í almennum námsgreinum í verknáms- og iðnskólum.

100 gr.

Fullnaðareinkunnir skal flokka sem hér segir:

5.0 til 5.9 skal telja þriðju einkunn.

6.0 til 7.2 skal telja aðra einkunn.

7.3 til 8.9 skal telja fyrstu einkunn.

9.0 til 10.0 skal telja ágætiseinkunn.

101. gr.

Öll próf í bóknámsgreinum skulu að jafnaði vera skrifleg, nema í erlendum málum skulu þau ávallt vera skrifleg og munnleg. Einkunn skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10, og aðaleinkunn skal ekki reikna út nema fyrir burtfararpróf. Aðaleinkunn skal reikna með einum aukastaf. Til að standast próf í almennum námsgreinum þarf einkunnina 4 hið lægsta, en í öllum teikningum, verknámi, sérgreinum og ástundun og aðaleinkunn 5 hið lægsta.

Ástundunareinkunn skal gefa, áður en próf hefjast, og skal nemanda ekki heimiluð próftaka, nema hann hafi náð a. m. k. 5.

Fjarvera án leyfis eða læknisvottorðs skulu gera $\div 1$ fyrir hverjar 3 stundir.

Aðaleinkunn skal reikna út eftir hlutfalli kennslustundafjölda í kennslugreinum.

Kennarar skólans skulu gefa nemendum einkunnir í lok kennslunnar ár hvert, hver í sinni grein. Nefnast þær árseinkunnir og eru dómur um kunnáttu nemanda framfarir og afköst.

102. gr.

Fullnaðareinkunn í hverri námsgrein er árseinkunn $+2 \times$ prófeinkunn deilt með 3 í samtölu þeirra.

Kennararáð getur samþykkt að flytja nemendur með háa árseinkunn í tveimur námsgreinum eða fleiri próflaust upp úr bekk í þeirri eða þeim námsgreinum. Þetta gildir þó ekki um teikningar og ekki um burtfararpróf.

103. gr.

Nú stenst nemandi ekki próf í helmingi námsgreina á ársprófi eða burtfararprófi, og skal hann þá setjast í sama bekk aftur, vilji hann halda áfram námi og taka próf að nýju. Ná hann prófi í helmingi námsgreinanna eða fleiri, en ekki öllum, má hann taka það, sem á vantar, eða einstakar greinar þess, þegar þau próf eru haldin við skólann síðar.

104. gr.

Ekki má flytja nemanda úr lægri bekk í efri, fyrr en hann hefur lokið upptökuprófi í efri bekkinn, nema kennararáð samþykki, og teljast þá árseinkunnir í þeim námsgreinum, sem próf er fellt niður í, með í prófinu.

Nú kemur nemandi til burtfararprófs og hefur próf frá öðrum skóla, er sýnir eins mikla eða meiri kunnáttu í einni eða fleiri prófgreinum en heimtuð er til prófsins, og er þá heimilt að sleppa honum við próf í þeim greinum og telja einkunnir hans í hinu fyrra prófi til burtfararprófsins, en leggja skal hann fram skilríki fyrir kunnáttu sinni.

105. gr.

Nú vill nemandi þreyta árspróf í iðnskóla án þess að hafa stundað nám, og skal hann þá, áður en til prófs kemur, færa sönnur á, að hann hafi að mati skólans lært allt það, sem námsskrá mælir fyrir um, og gera grein fyrir, hvernar kennslu hann hafi notið.

Á teikningum og öðrum verklegum æfingum skal ekki krafist síðri frágangs en af reglulegum nemendum skólans.

Sé um að ræða próf í fleiri en einni bekkjardeild, skal nemandi fyrst þreyta próf í hinum lægsta bekk og síðast í hinum efsta.

106. gr.

Utanskólanemendur skulu greiða prófgjöld, sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Renna þau í ríkissjóð.

107. gr.

Við skriflegt próf má nota þau gögn ein, sem skólastjóri leyfir. Nemendur, sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða hafa rangt við í prófum, hafa fyrirgert rétti til þess að ljúka prófi í það sinn. Skal minna nemendur á þetta ákvæði, áður en próf hefst.

108. gr.

Í hverjum skóla skal vera prófbók eða spjaldskrá, og skal rita í hana allar einkunnir við árspróf og burtfararpróf, fullnaðareinkunn og einkunn fyrir ástundun og hegðun.

109. gr.

Við burtfararpróf dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómarar um úrlausnir. Skal vera einn prófdómari í hverri grein, skipaður af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Í þeim greinum, sem Iðnfræðsluráð ákveður ekki prófverkefni, velja prófdómendur verkefni prófanna í samráði við kennara og afhenda þau skólastjóra í tæka tíð.

Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðar prófdómari, og koma þeir sér saman um einkunn.

Ef ágreiningur verður um einkunn, skal taka meðaltal af einkunnargjöf kennara og prófdómara.

110. gr.

Að loknu burtfararprófi skal afhenda nemendum þeim sem staðist hafa prófið, brottfararskírteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn. Prófskírteini skal einnig láta nemendum í té með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein í ársprófum.

111 gr.

Í lok hvers kennslutímabils skal skrá í vinnubók nemandans (iðnnámsbók), sbr. 28. gr., hve oft nemandann hefur vantað í skólann á kennslutímabilinu og af hvaða ástæðum, svo og hve oft hann hefur mætt of seint.

XVI. KAFLI

Um aga og reglur.

112. gr.

Agi skólans skal miða að því að halda uppi reglu og efla með nemendum iðjusemi og þrúðmennsku. Skulu kennarar og nemendur leitast við í sameiningu að glæða heilbrigðan anda í skólanum.

113. gr.

Nemendur skulu í skólum gæta fyllstu reglusemi í hvívetna. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólanna. Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna og gera forráðamönnum þeirra viðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að vikja hinum brotlegu úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti hann þess í hóbýlum skólans eða vanræki störf sakir vinneyslu, ber skólastjóra að gera ráðuneytinu viðvart, og mun slík hegðun látn verða stöðumissi.

114. gr.

Nú gerist nemandi á annan hátt brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er alvarlegt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjóri vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, og skal þá kennararáð og skólanefnd hafa fjallað um málið. Tilkynna skal meistara nemanda áður um brotið.

XVII. KAFLI

Um skólastjóra og kennara.

115. gr.

Tala fastra kennara fer eftir ákvæðum laga, en vinnutími þeirra og launakjör eftir gildandi kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

116. gr.

Skólum með 10 bekkjardeildum á skólaárinu eða fleiri má að fengnu samþykki ráðherra skipta í deildir, enda séu eigi færri en 130 nemendur í deild.

Þar sem deildarskipting á sér stað, getur ráðherra skipað einn yfirkennara fyrir hverja deild.

Með samþykki ráðherra má annaðhvort ákveða yfirkennurum aukabókun eða færri kennslustundir.

117. gr.

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

Ráðherra setur skólastjórum og kennurum erindisbréf, þar sem kveðið skal á um starfssvið þeirra, réttindi og skyldur.

118. gr.

Um menntun skólastjóra og kennara í almennum bóknámsgreinum gilda sömu reglur sem um skólastjóra og kennara gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt. Í sérgreinum skulu þó kennarar að jafnaði vera með próf í tæknifræði.

Kennarar í verknámsgreinum skulu hafa meistararéttindi í þeirri iðngrein, sem um er að tefla.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um sérmenntun kennara að fengnum tilögum Iðnfræðsluráðs.

119. gr.

Í lok hvers skólaárs ber skólastjóra að senda fullnægjandi skýrslu í 2 eintökum um skólahaldið til skrifstofu Iðnfræðsluráðs.

120. gr.

Nú verður hlé á kennslu frá prófi og þar til næsta námskeið byrjar eða af öðrum ástæðum, og eiga þá hvorki stundakennarar né fastakennarar kröfu á kaupum fyrir stundakennslu eða yfirvinnu fyrir þann tíma.

121. gr.

Fela má fastakennurum aukastörf í þágu skólans eftir nánara samkomulagi við skólastjóra, svo sem umsjón með söfnum skólans, eftirlit með nemendum í frímínútum og á samkomum nemenda og aðstoð við félagsstarfsemi í skólanum. Heimilt er skólastjóra með samþykki ráðuneytisins að fækka skyldustundum kennara, ef slík aukastörf verða mikil og koma misjafnt niður.

122. gr.

Ráðherra ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

123. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara, og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárinu skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ársorlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufla ekki störf skólanna eða torveldi þau.

124. gr.

Fastir kennarar skóla mynda, ásamt skólastjóra, kennararáð, og er skólastjóri formaður þess.

Í skólum, þar sem fastir kennarar eru fimm eða fleiri, skal kennararáð myndað af yfirkennurum (deildarkennurum) ásamt skólastjóra og fulltrúa skólastjóra.

Hlutverk kennararáðs er að vera skólastjórn til ráðuneytis um málefni skólans, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglum, sem ráuneytið setur að fengnum tilögum Iðnfræðsluráðs.

XVIII. KAFLI

Um skólanefndir og stjórn iðnfræðsluskóla.

125. gr.

Við iðnskóla, verknámsskóla og meistaraskóla er 5 manna skólanefnd.

Nú eru öll þessi skólastig starfrækt við einn og sama skóla, og skal þá vera ein sameiginleg skólanefnd.

126. gr.

Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn, nema fulltrúa nemenda til tveggja ára. Skulu þrír skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkvæmt tillögum bæjarstjórnar og sýslunefnda, sem aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis.

Fulltrúi nemenda skal skipaður að fengnum tillögum Iðnnemasambands Íslands, sem leita skal samráðs við félög nemenda á hlutaðeigandi stað.

Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt.

Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn þrjá skólanefndarmenn. Sama gildir annars staðar, ef eitt sveitarfélag stendur að rekstri skóla. Að minnsta kosti tveir þeirra, sem sveitarfélög tilnefna í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir.

127. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn hvers skóla, hefur umsjón með kennslu, aga, umgengni og sér um eignir skólans. Fastir kennarar skólans skulu vera honum til aðstoðar í starfi hans, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 124. gr.

XIX. KAFLI

Um fjármál.

128. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en hlutaðeigandi sveitarsjóðir hvers skólaumdæmis, samanber 60. gr. helming, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum nr. 49/1967 7. og 11. gr.

Nú verður ekki samkomulag milli allra sveitarfélaga í skólaumdæmi um aðild að iðnfræðsluskóla, og getur þá ráðherra heimilað því sveitarfélagi, þar sem skóla-setur hefur verið ákveðið samkvæmt 60. gr. að standa einu eða ásamt fleiri að skólanum á móti ríkissjóði. Iðnfræðsluráð annast fyrir menntamálaráðuneytið at-
huganir á byggingarþörf og gerð framkvæmdaáætlana um skólabyggingar á iðnfræðsluskólastiginu.

129. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður, — sveitarsjóðir, ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, greiða rekstrarkostnað iðnfræðsluskóla í samræmi við lög nr. 49/1967 eftir því sem við getur átt.

Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla, skal það greiða námsvistargjald til þeirra skóla, sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemenda telst í þessu sambandi lögheimili þess atvinnurekstrar, er nemandinn stundar iðnnám við.

Stundi nemandinn nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á námssamning hjá meistara, skal lögheimilissveit nemandans greiða námsvistargjaldið. Á sama hátt ber sveitarfélagi að greiða námsvistargjald, ef nemendur úr sveitarfélaginu verða að sækja skóla annars umdæmis, vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins.

Námsvistargjald samkvæmt reglugerð þessari er fullt framlag sveitarfélags samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, svo og greiðsla, miðað við eðlilega afskrift stofnkostnaðar samkvæmt 128. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður árlega námsvistargjald að fengnum sameiginlegum tillögum þeirra sveitarstjórna, sem að rekstri viðkomandi skóla standa.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sbr. lög nr. 69/1962, annast uppgjör námsvistargjalds samkvæmt þessari grein milli þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga hverju

sinni, af framlagi sjóðsins til þess sveitarfélags, sem inna á greiðslu af hendi, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn samþykkt greiðsluskyldu sína.

Ráðherra ákveður skólagjald í iðnskólum og meistaraskólum svo og þátttöku nemanda í verknámsskólum í efniskostnaði að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

XX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

130. gr.

Nú fatlast iðnnemi andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur, eða hefur fatlast þannig, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, að hann telst ekki fær um að ljúka iðnskólanámi, en telst fullgildur verkamaður í sumum greinum iðnarinnar og skal þá Iðnfræðsluráð að fengnum tillögum fulltrúa viðkomandi iðngreinar og álitit trúnaðarlæknis, gera tillögu til ráðuneytisins um það, hvort heimila megi hlutaðeigandi að þreyta verklegt próf án réttar til meistarábréfs, og tekur ráðuneytið ákvörðun um það að fengnum þeim tillögum.

Nú sækir maður, sem ekki hefur iðnréttindi, um starfsréttindi í iðngrein, og getur þá menntamálaráðuneytið veitt heimild til, að umsækjandi fái að ganga undir verklegt sveinspróf eingöngu, án þess að viðkomandi ljúki brottfararprófi frá iðnskóla, enda liggi fyrir:

- a. Umsögn sveinafélags í iðngreininni á búsetusvæði umsækjenda, ef það er ekki fyrir hendi, þá umsögn viðkomandi landssamtaka.
- b. Umsögn Iðnfræðsluráðs.
- c. Umsögn meistara í iðninni, sem sækjandi hefur starfað hjá.
- d. Vottorð, sem sanni, að umsækjandi hafi unnið við iðnina í a. m. k. 10. ár.

Ef umsækjandi stenst prófið, skal gefa út honum til handa sveinsbréf, sem veitir ekki rétt til meistarábréfs síðar.

131. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum, að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga um iðnfræðslu nr. 68 frá 11. maí 1966 og reglugerðar þessarar.
2. Brjóta gegn ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar þessarar um daglegan vinnutíma nemanda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrir mælum iðnfulltrúa eða Iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

Sektir skulu renna í ríkissjóð. Mál út af brotum þessum skulu rekin að hætti opinberra mála.

132. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um iðnfræðslu nr. 143 15. september 1967, með áorðnum breytingum.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. mars 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.